

DAGSKRÁ 194. fundar

stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 09.12 2009 kl. 18:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Boðuð forföll: FH, BI

M: SBB, IGG, BV, SB, BKr, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn

3. Samstarfsnefnd LN og LSS

Fundað hefur verið stíft í nefndinni og tekin fyrir þau mál sem hafa lengi verið í vinnslu LN auk nýrra mála. Vinnan gengur vel, næsti fundur veður 16.12. Í framhaldinu verður settur vinnuhópur til að endurskoða texta kjarasamningsins.

4. Skólaráð Brunamálaskólans

Skipað hefur verið í nýtt skólaráð. Ákveðið að Sverrir Björn formaður verði í nefndinni fyrir hönd LSS.

5. Flugvallamál

Formaður fór yfir bunna af gögnum í málinu. Flugstoðir ohf sagði upp samningi við SHS um slökkvistörf á Reykjavíkurlflugvelli frá og með 01.03.10. Flugstoðir ætla að sinna þessu sjálfir og ráða til þess "Flugvallarverði". Telja sig vera að taka upp norræna fyrirmynd.

Deilur eru uppi um hvort lög og reglur um brunamál gildi á flugvöllum. LSS hefur látið þýða gögn sem renna stoðum undir nauðsyn þess að á flugvellinum séu löggiltir slökkviliðsmenn.

Flugstoðir ohf buðu slökkviliðsmönnum hjá SHS að sækja um störf sem Flugvallarverðir á Reykjavíkurlflugvelli á launum eftir samningi Félags flugvallarstarfsmanna. Talið er að enginn hafi sótt um.

Ný staða kom upp um helgina; Flugstoðir ohf óskuðu eftir því við Keflavíkurlflugvöllur ohf og slökkviliðsmenn á Keflavíkurlflugvelli að þeir tækju að sér slökkvistörf á Reykjavíkurlflugvelli.

Farið yfir minnisblað frá Flugstoðum/Kef ohf sem er dagsett 01.12.09, degi áður en svarbréf frá forstjóra Flugstoða ohf Þorgeiri Pálssyni til LSS er dagsett, ósamræmi er í innihaldi bréfanna. Framhaldið er óljóst en LSS mun halda áfram að upplýsa yfirvöld um nauðsyn þess að á flugvöllum séu löggiltir slökkviliðsmenn og um lágmarks viðbúnaðarstig (mönnun).

6. Blönduós

B-AH lagði fram sáttartillögu vegna kröfu LSS um bakvaktargreiðslur fyrir vara-slökkviliðsstjórnann. Lögfræðingur LSS og Vara-slökkviliðsstjórinn samþykktu tillöguna og verður gengið frá greiðslu 14.12. Með greiðslunni er krafan samþykkt. Aðrir slökkviliðsmenn eiga eftir að ákveða hvort LSS innheimti fyrir þá.

Slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra var sagt upp í september og óvíst er um framhaldið.

7. Hvammstangi

Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fund Byggðaráðs Hvammstanga í þeim tilgangi að gera kjarasamning við sveitarfélagið. Tryggingarmál virðast í lagi en önnur atriði eru munnleg samkomulög. Fram kom á fundinum að stuðst er við kjarasamning LN og LSS. Byggðaráð lýsir yfir vilja til að gera kjarasamning en eiga eftir að ákveða hvort það verði gert gegnum LN eða beint við LSS. Málið er hjá þeim.

Fundað var með slökkviliðsmönnum.

8. Sjúkraflutningamál

Unnið í reglugerð um sjúkraflutninga í heilbrigðisráðuneytinu.

Nauðsynlegt er að koma Fagráði sjúkraflutninga í gang. Umræður um menntunarmál í nútíð og framtíð. Jafnframt rætt um “Staðlaráð” og “Fjarskiptalæknir”.

9. Þingeyjarsveit

Félagsmaður hafði samband við LSS. Hann hafði sótt um starfs slökkviliðsstjóra sem var auglýst. Þegar hann rak á eftir umsókninni kom í ljós að hún hafði gleymst þegar ákvörðun var tekin um að ráða annan í starfið. Sá uppfyllir ekki skilyrði en félagsmaðurinn gerir það. LSS hefur falið lögfræðingi að skoða málið og leita eftir skaðabótum.

10. Önnur mál:

a) Skráning á stjórnarmönnum.

Persónuvernd er að búa til tengslanet yfir fólk sem situr í stjórnnum og nefndum.

Vilja fá að skrá upplýsingar frá LSS. Ekki gert athugasemd við þá beiðni.

b) Frétt v sl Hveragerði

Rætt um frétttaflutning vegna klippivinnu á suðurlandi.

Fundi slitið kl. 20:40